



Siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

1. gr.

Markmið

Markmið með reglum þessum er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps og tryggja þar með gagnsæi í störfum kjörinna fulltrúa og ábyrgðarskyldu þeirra. Reglur þessar ná til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra þeirra sem sitja í nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar, hér eftir nefndir kjörnir fulltrúar.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum og reglum. Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum vinna samkvæmt samþykktum Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem og fylgja sannfæringu sinni. Ber þeim að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber ávallt að hafa í heiðri ýtrustu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Kjörnir fulltrúar móta stefnu og eftirlit með rekstri sveitarfélagsins og skulu þeir gæta þess að rekstur sveitarfélagsins og framkvæmd stjórnsýslu á hverjum tíma sé eins og best verður á kosið.

Kjörnir fulltrúar mega ekkert aðhafast sem í getur falist misnotkun á almannafé. Þá skulu þeir og upplýsa íbúa sveitarfélagsins um framkvæmd starfa sinna og öll þau atriði sem skipt geta máli í rekstri sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar skulu ávallt reiðubúnir til að axla ábyrgð á sínum störfum.

3. gr.

Háttvísi og virðing

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi, heiðarleika og rækja störf sín af ábyrgð. Þeim ber að virða ákvörðunavald, réttindi og hlutverk annarra kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa, og starfsfólks Skeiða- og Gnúpverjahrepps virðingu.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt ávallt sýna hver öðrum, starfsfólki sveitarfélagsins og gestum þess, kurteisi og virðingu í öllum samskiptum. Kjörnir fulltrúar skulu ekki beita aðra kjörna fulltrúa, starfsfólk sveitarfélagsins eða gesti þess kynferðislegu eða kynbundnu áreiti, hvers konar ofbeldi né einelti.

Sveitastjórn skal forðast eins og kostur er að taka ákvarðanir til langs tíma stuttu fyrir sveitastjórnarkosningar og binda þannig hendur komandi sveitastjórnar, nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna hefðbundinna samstarfsverkefna með öðrum sveitarfélögum.



4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp lýkur.

Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem eru til umfjöllunar hjá sveitarstjórn eða nefndum sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður eða atkvæðagreiðslur fara fram og ef vafi getur leikið á um hæfi hans og skal hann ekki taka þátt í umræðum eða atkvæðagreiðslum í málum ef hann er vanhæfur til þess.

Um mat á hæfi kjörinna fulltrúa við meðferð einstakra mála fer eftir sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

5. gr.

Ábyrgð á fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

Gjafir og friðindi

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum, verktökum, öðrum samstarfsaðilum eða þeim er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins, né aðra fyrirgreiðslu ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða. Í störfum sínum skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu.

7. gr.

Trúnaður

Kjörnum fulltrúum ber að virða þagnarskyldu og trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggji hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

8. gr.

Að virða hlutverk starfsfólks

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsfólks Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsfólk geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

9. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að við stöðuveitingar sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið. Almennu skal auglýsa störf á vegum sveitarfélagsins en þó er heimilt að flytja starfsfólk til í embætti án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Við skipan í nefndir skal taka mið af samsetningu samfélagsins og þeirrar þekkingar sem þar er til staðar. Jafnframt skal stuðla að jafnvægi í anda laga nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

10. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

11. gr.

Brot á siðareglum og málsmeðferð

Ef kjörinn fulltrúi verður þess áskynja að siðareglur hafi verið brotnar ber honum að vekja athygli á því við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Bregðast skal við slíkum ábendingum. Komi upp ágreiningur um túlkun siðareglanna má skjóta honum til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga til almennrar umfjöllunar og leiðsagnar til málsaðila.

Samþykkt af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 19. október 2022.


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri.



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhóls götu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Haraldur Þór Jónsson, oddviti
Árnesi
804 Selfoss

Reykjavík 01. nóvember 2022
Tilv.: IRN22100104/4.10.2

Ráðuneytið hefur móttekið og staðfest siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem sveitarstjórn hefur sett samkvæmt 18. og 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt.

Fyrir hönd ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Hafðís Gísladóttir

Fylgiskj.: Siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samþykktar við síðari umræðu á fundi sveitarstjórnar 19. október 2022.